

ings frá 16. júlí f. á. ber að greiða áhættuþóknun, þó tog-
arar kaupi fisk eingöngu. En í 4. gr. sama samnings, þar sem
rætt er um viðbótaráhættuþóknunina er beinlínis vísað til
áhættuákvæðanna í 1. gr. Er því ljóst, að viðbótaráhættu-
þóknunina ber einnig að greiða til þeirra sjómanna, er sigla
eingöngu með keyptan fisk til útlanda. Orðið „afli“ í 4. gr.
merkir því bæði keyptan og veiddan fisk, og skiptir þá ekki
máli, hvort keypti fiskurinn er aðeins hluti af farminum, eða
allur farmurinn. Með tilvísun til þess, sem nú er rakið, og
greinargerðar stefnanda um þennan kröfulið, ber að taka
þessa kröfu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda kr.
150.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Meðlimum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda
þar að reikna viðbótaráhættuþóknun, samkvæmt 4. gr.
frammanefnds samnings frá 16. júlí 1941, af brúttó sölu-
verði farmsins, án frádráttar vegna framangreinds 5 sh
gjalds pr. „kítt“, og þeim er óheimilt að draga verð
keypts fisks frá brúttó söluverði farmsins áður en greind
viðbótaráhættuþóknun er reiknuð út.

Stefndi, Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda,
greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjó-
mannafélags Reykjavíkur, kr. 150.00 í málskostnað
innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri að-
för að lögum.

Föstudaginn 22. maí 1942.

Nr. 8/1941. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags
Dalvíkur.

gegn

Sigfúsi Þorleifssyni.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings um
hlutaskipti sjómanna á sildveiðum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 11. nóv. f. á., af
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Dalvíkur gegn

Sigfúsi Þorleifssyni útgerðarmanni á Dalvík. Tildrög máls þessa og málsatvik eru þau, að í kjarasamningi dags. 24. apríl 1938, milli Verklýðsfélags Dalvíkur og útgerðarmanna þar, er svo um samið í 5. gr. a-lið, sem fjallar um kaup og kjör sjómanna á sildveiðum með herpinót:

„Skipverjar hafi 37% af brúttó afla, er skiptist milli 16 manna, séu 2 bátar um nótt. Ef 3 bátar eru um nótt skal skipta milli 17 manna 37% af brúttó afla. Verði meiri hluti skipshafnar sammála um, að á 2 bátum verði 17 menn og 3 bátum 18 menn, má í báðum tilfellum taka hlut þess manns af óskiptum afla.“

Sumarið 1940 gerði stefndur út á sildveiðar, með herpinót, bátana Björgvin og Baldur og voru þeir 2 um eina nótt. Réði hann 18 menn á þá báða til samans. Þegar stefndi gerði upp við skipverja, að lokinni vertíð, hagaði hann greiðslunni á þann hátt, að hann greiddi 18. skipverjanum af óskiptum afla bátanna, en skipti 37% af eftirstöðvum aflans milli 17 skipverjanna. Verklýðsfélag Dalvíkur taldi þessa aðferð ekki í samræmi við nefnd ákvæði 5. gr. samningsins frá 24. apríl 1938 og gerði kröfu til þess, að skipt væri þannig, að 37% af brúttó aflanum rynnðu til 16 skipverjanna, en að útgerðin greiddi hinum tveimur af sínum hluta. Samkomulag fékkst ekki um skipti þessi og er mál þetta því höfðað, svo sem að framan greinir, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til þess, að gera upp við skipverja á bátunum Björgvin og Baldri fyrir sildveiðitímabilið sumarið 1940, í samræmi við a-lið 5. gr. framangreinds kjarasamnings frá 4. apríl 1938, þannig, að 37% af brúttó afla nefndra báta á þessu tímabili verði skipt milli 16 skipverja, en að stefndi greiði hlut 17. og 18. skipverjans af hlut útgerðarinnar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, en *til vara*, að honum verið talið heimilt að gera upp við skipverjana á þann hátt að hlutur 2ja manna sé tekinn af óskiptum afla, en 37% eftirstöðva aflans sé skipt í 16 staði, og til *þrauta vara*, að 37% af aflanum sé skipt í 16 staði, er hlutur 17. mannsins hefur verið tekinn af óskiptum afla, en 18. mannum greiði útgerðarmaðurinn af sínum hlut. Þá krefst hann málskostnaðar af stefnda eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkv. a-lið 5. gr. oftnefnds sammings beri að skipta 37% af brúttó aflanum í 16 staði, ef 2 bátar séu um nótt. Stefnda hafi því verið með öllu óheimilt að skipta 37% aflans í 17 staði eins og hann gerði, og ekki sé heldur heimilt að taka kaup 17. og 18. skipverjans af óskiptum afla, því að samþykki meiri hluta skipshafnanna um tölu skipverja, sem áskilið sé í oftnefndri 5. gr., hafi ekki verið fyrir hendi. Og þótt það hefði legið fyrir hendi hefði samt ekki verið heimilt fyrir stefnda að greiða 18. mannum af óskiptu.

Stefndur byggir aðalkröfu sína á því, að allangt sé síðan umræddur samningur var upphaflega gerður og hafi bátar stækkað og sildarnætur þyngst síðan, en það hafi leitt til þess, að fleiri menn þurfti óhjákvæmilega til veiðanna. Kveður hann, að sumarið 1939 hafi verið 18 menn á nefndum bátum, og hafi þeir verið svo margir samkvæmt ósk skipverjanna. Heldur hann því fram, að þar sem svo standi á, sé eðlilegt að beita í þessu tilfelli ákvæðum 5. gr., er 3 bátar séu um nótt, þannig, að 37% aflans sé skipt í 17 staði, en hlutur þess 18. tekinn af óskiptum afla. Kveðst hann hafa beitt þeirri reglu er hann gerði upp eftir sildveiðitímamann 1939. Hafi þá engar athugasemdir komið fram um það, og hafi þó formaður verklýðsfélagsins verið einn skipverja. Hann hafi einnig verið á þessum bátum 1940 og flestir skipverja þeir sömu, og hafi engin mótmæli komið fram frá þeim um fjölda skipverja. Þá heldur hann því og fram, að fyrir liggji í málinu sönnun þess, að ekki hefði orðið komið af með færri en 17 menn á bátunum, og auk þess sé sannað með vitnaframburðum skipverja og yfirlýsingum, að meiri hlutinn hafi verið samþykktur því, að 18 menn væru á bátunum á sildveiðunum 1940. Hafi honum því verið heimilt og rétt, að skipta á þann hátt, er hann gerði 1940, og beri því að viðurkenna þá skiptingu og sýkna hann af kröfum stefnanda. Varakröfu sína byggir stefndur á því, að þar sem upplýst sé, að ekki hafi verið unnt að komast af með færri en 17 menn, en meiri hluti skipshafnar samþykkt að skipverjar væri 18, þá sé réttlátt, að sama gildi um hlut 17. og 18. mannsins og þeir því teknir af óskiptum afla. En þrautavarakröfuna byggir stefndur á því, að þar sem samþykki meiri hluta skipverja hafi verið fyrir því að þeir væru a. m. k.

17, þá leiði það beinlínis af oftnefndu sammingsákvæði, að hlutur 17. mannsins sé tekinn af óskiptum afla.

Loks hefur stefndur krafizt þess, að honum verði heimilað, ef aðalkrafa hans verður ekki tekin til greina, að draga frá óskiptum afla kr. 2000.00 fyrir umsjón og reikningshald fyrir útgerðina. Hafi hann aldrei tekið neitt fyrir það starf, en venja sé á Norðurlandi, að kostnaður við slíkt sé tekinn af óskiptum afla.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að skipverjum á umræddum bátum sumarið 1940 hafi borið skylda til þess að hafa uppi mótmæli gegn tölu skipverja það sumar, og að athafnaleysi þeirra í þá átt megi skoða sem samþykki á tölu skipverja samkv. a-lið 5. gr. sammingsins. Og þar sem þeir hafi ekki á annan hátt samþykkt hana beri að taka kröfur sínar að öllu leyti til greina. Heldur hann því og fram, að þó það kunní ef til vill að vera rétt, að aukin stærð báta og sildarnóta hafi leitt til þess, að fleiri menn þurfi nú á bátana en gert virðist ráð fyrir í samningnum, þá verði það að öllu leyti að koma á bak útgerðarmanninum, því ekki sé nein heimild til þess að beita 17 staða skiptingunni, er 3 bátar eru um nótt, í þessu tilfelli, þar sem aðeins sé um 2 báta að ræða. Þá mótmælir hann því, að tekin verði til greina krafa stefnda um 2000 króna frádrátt vegna umsjónar við útgerðina. Kveður hann hana engum rökum studda, því það sé beinlínis tekið fram í kjarasamningnum frá 1938, að skipverjar taki ekki þátt í útgerðarkostnaði að öðru leyti en því, að þeir fæði sig sjálfir.

Ekki verður talið, að aukin stærð báta eða sildarnóta geti leitt til þess að heimilt sé að beita þeim ákvæðum a-liðs 5. gr. kjarasammingsins frá 24. apríl 1938, sem fjalla um skipti, er 3 bátar eru um nótt, í því tilfelli, er hér um ræðir, þar sem aðeins voru 2 bátar um nótt. Var stefnda því óheimilt að skipta 37% aflans 1940 í 17 staði, eins og hann gerði. Hins vegar verður að telja nægilega sannað með vitnaframburðum og yfirlýsingu skipverja á nefndum bátum, að meiri hluti þeirra hafi verið því samþykkur að skipverjar væru 17. Það verður því að líta svo á, að fyrir hafi legið það samþykki skipshafnanna, sem framangreindur a-liður 5. gr. sammingsins frá 1938 áskilur, til þess að heimilt sé að reikna hlut 17. mannsins af óskiptum afla. Aftur á móti

verður ekki talið að umrætt samningsákvæði heimili, að hlutur 18. mannsins sé tekinn af óskiptum afla. Skiptir því ekki máli, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, hvort skipshafnirnar hafa samþykkt ráðningu hans á skipin, og ber því að greiða hans hlut af aflahlut útgerðarmannsins. Úrslit málsins verða því þau, að til greina verður tekin þrautavarakrafa stefnda, þó þannig, að ekki verður fallið á kröfu hans um 2000 króna frádrátt af óskiptum afla fyrir umsjón og reikningshald útgerðarinnar, því eins og stefnandi hefur haldið fram, verður ekki talið, að heimild til slíks frádráttar sé í oftnefndum kjarasamningi, né heldur hefur honum verið fundinn annar staður.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Sigfúsi Þorleifssyni, ber að gera þannig upp við skipverja þá, er stunduðu sildveiðar með herpinót á bátum hans, Baldri og Björgvin, sumarið 1940, að 37% af brúttó afla nefndra báta sé skipt í 16 staði er hlutur 17. skipverjans hefur verið tekinn af óskiptum afla, en 18. skipverjanum greiði stefndi af hluta sínum.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 17. júní 1942.

Nr. 2/1942. Steingrímur Aðalsteinsson

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akureyrar.

Verklýðsfélag sektað fyrir brot á 2. gr. l. nr. 80/1938 og skyldað til þess að veita verkamanni félagsréttindi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi, með stefnu 13. apríl s. l., af Steingrími Aðalsteinssyni, verkamanni, á Akureyri gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akureyrar. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að þau ákvæði í 3. gr. laga fyrir Verklýðsfélag Akureyrar.